

19. fundur ferðamálaráðs

18. janúar 2018 kl. 10-12

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Mættir: Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Ásbjörn Þ. Björgvinsson, Díana Mjöl Sveinsdóttir, Eva Björk Harðardóttir Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir, Þórir Garðarsson, Skarphéðinn Berg Steinarsson, María Reynisdóttir og Ása María H. Guðmundsdóttir.

Forföll:

Gestir: Óskar Jósefsson og Anna Katrín Einarsdóttir frá Stjórnstöð ferðamála; Sigrún Brynja Einarsdóttir frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Dagskrá:

1. Þátttaka ferðamálaráðs í skilgreiningu áherslupáttta Vegvísis 2018-2020 – Óskar Jósefsson/Stjórnstöð ferðamála
2. Nýr ferðamálastjóri kynnir sig og sína sýn á starfsemi Ferðamálastofu - Skarphéðinn Berg Steinarsson/Ferðamálastofu
3. Staða verkefna og verkefni á döfinni – Sigrún Brynja Einarsdóttir/Skrifstofu ferðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu
4. Önnur mál

-
1. Óskar Jósefsson, framkvæmdarstjóri Stjórnstöðvar ferðamála kom og kynnti stöðu verkefna sem skilgreind voru í Vegvísi Stjórnstöðvarinnar. Þrjú ár eru nú eftir af starfstíma stjórnstöðvarinnar og nú er verið að forgangsraða verkefnum til þeirra þriggja ára. Ákveðið var að Ferðamálaráð myndi koma að þeirri vinnu og ætlar Óskar að boða ráðið á vinnufund í byrjun febrúar.
 2. Skarphéðinn Berg Steinarsson, nýr ferðamálastjóri, var boðinn velkominn til starfa og fór hann svo stuttlega yfir sína sýn og áherslur varðandi starfsemi Ferðamálastofu. Skarphéðinn nefndi meðal annars að stór verkefni væru framundan í stjórnsýslunni og að mikilvægt væri að efla rannsóknir og tölfræði.
 3. Sigrún Brynja Einarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu Ferðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti kom og fór yfir stöðu verkefna í ráðuneytinu og þau verkefni sem eru á döfinni. Sigrún Brynja fór yfir tillögur ráðsins og þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í kjölfar þess að þær voru lagðar fyrir ráðherra. Ákveðið var að Sigrún Brynja myndi taka þessar upplýsingar saman á minnisblað sem ráðið gæti fengið á næsta fundi sínum.
 4. Önnur mál:
 - Starfsreglur ráðsins ræddar. Vinna við þær er í gangi og stefnt er á að drög að þeim verði lögð fram.

- Lesin var upp bókun af fundi Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem lýst var yfir ánægju stjórnar sambandsins með tillögur sem Ferðamálaráð vann að beiðni ráðherra í sumar.
- Rætt var um 90 daga reglu varðandi Airbnb. Ákveðið var að ferðamálastjóri myndi skoða það mál betur og leggja tillögur fyrir ráðið.
- Rætt var um vinnu Ferðamálastofu við aðgerðaráætlun upp úr skýrslu um einföldun laga og reglna í ferðaþjónustu. Ákveðið var að fá Helenu Karlsdóttir hjá Ferðamálastofu til að koma og halda kynningu á þeirri vinnu.
- María Reynisdóttir, sérfræðingur hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, fór yfir skýrslu sem verið er að vinna í ráðuneytinu um þolmörk í ferðamennsku.
- Ása María H. Guðmundsdóttir var kynnt inn sem nýr ritari Ferðamálaráðs en hún tekur við af Maríu Reynisdóttur.

Fundi slitið

Helstu niðurstöður

- Ferðamálaráð mun koma að vinnu Stjórnstöðvar ferðamála við forgangsröðun verkefna í Vegvísi til næstu þriggja ára. Boðað verður til vinnufundar í febrúar
- Sigrún Brynja, skrifstofustjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu mun útbúa minnisblað með samantekt á stöðu verkefna ráðuneytisins í málaflokknum.
- Ferðamálastjóri mun skoða 90 daga reglu varðandi Airbnb og leggja fyrir ráðið tillögu um hvernig megi útfæra hana.
- Ákveðið var að bjóða Helenu Karlsdóttur hjá Ferðamálastofu á næsta fund til að halda kynningu á vinnu við aðgerðaráætlun um einföldun laga og reglna í ferðaþjónustu.